

Ófjárhagslegar upplýsingar

Starfsemi Sparisjóðs Strandamanna ses.

Sparisjóður Strandamanna ses. er sparisjóður sem starfar skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur sjóðsins er að rækja á starfssvæði sínu þá starfsemi sem honum er heimil skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og tilgreind eru í starfsleyfi hans frá Fjármálaeftirlitinu.

Áætlun Sparisjóðs Strandamanna til framtíðar er að reka sparisjóðinn á öruggan og hagkvæman hátt í samræmi við tilgang félagsins, með hagsmuni viðskiptavina, stofnfjáreigenda og samfélagsins að leiðarljósi.

Umhverfismál og samfélagsleg ábyrgð.

Samkvæmt samþykktum sínum mun sjóðurinn sinna samfélagslegu hlutverki í samræmi við ákvæði 61. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nánar tiltekið með því að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð. Þá mun sjóðurinn styðja við íþróttá- og æskulýðsstarf og menningar- og líknarmál. Þessu hlutverki er meðal annars sinnt með ráðstöfun á fjárhæð sem nemur hluta hagnaðar samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Sjóðurinn hefur ekki sett sér sérstaka stefnu í umhverfismálum.

Starfsmannamál og mannréttindi.

Sparisjóðurinn er þekkingarfyrirtæki sem hefur það að markmiði að hafa ávallt á að skipa hæfileikaríku fólki sem er tilbúið til að bæta við þekkingu sína með það að leiðarljósi að nýta hana sem best fyrir viðskiptavinum, sparisjóðinum og samstarfsaðila hans. Sjóðurinn hefur sett sér starfskjarastefnu en markmið hennar er að kjör stjórnarmanna og stjórnenda leggi grunn að traustum rekstri sjóðsins og ásættanlegri arðsemi stofnfjár með langtímahagsmuni hans, eigenda hans, viðskiptamanna og starfsmanna að leiðarljósi. Markmið hennar er einnig að vera, eftir því sem kostur er, upplýsandi fyrir stofnfjáreigendur og viðskiptavinum um uppbyggingu starfskjara stjórnarmanna, sparisjóðsstjóra, annarra stjórnenda og starfsmanna.

Sparisjóðurinn hefur á að skipa siðareglum sem leggja grunn að viðskiptaháttum sjóðsins. Í siðareglum sparisjóðsins segir m.a.: "Starfsmenn skulu gæta þess að mismuna ekki viðskiptavinum eða samstarfsfólki á grundvelli kynþáttar, litarháttar, sjúkdóma, fötlunar, þjóðernis, aldurs, kynhneigðar, trúar, stjórnmalaskoðana, þjóðfélagsstöðu eða annars konar fordóma".

Spillingar og mútumál.

Sparisjóðurinn hefur sett sér reglur á grundvelli laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka með síðari breytingum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum FME. Stjórnendur, innri endurskoðendur sparisjóðsins og FME fylgjast með því að reglunum sé fylgt.

Hólmavík 27. mars 2018